

LISTIR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT Íslands og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands stilla saman strengi sína í kvöld og óhætt er að segja að góðrar skipulagningar á fermetra sé þörf með tilliti til minnkandi olnbogarýmis. Systrakærleikur hljómsveitanna svífur þó yfir yötnunum enda segir Guðmundur Óli Gunnarsson aðalstjórnandi þeirrar síðarnefndu að samkomulagið hafi alltaf verið mjög gott.

Ekki er langt síðan sú hugmynd kviknaði að hljómsveitirnar stígu saman á svið og þegar Guðmundur Óli er spurður hvaða tilgangi það þjóni að stefna eitthundrað hljóðfæraleikurum í risahljómsveit saman byrjar hann svar sitt með sögulegum skirskotunum. „Síðrómantísk verk krefjast stórra strengja-sveita og mjög stórra blásarasveita og Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur ekki stærstu gerð“, segir hann. Á efnisskránni eru einmitt síðrómantísk verk frá 19. öld þar sem hljómsveitirnar munu flytja Sinfóníu nr. 1 eftir Mahler og pianókoncert nr. 2 eftir Rachmaninoff. „Efnisvalið ræðst af þessari stærð og þarna verða í heildina fjórföld tréblásarsveit og átta hornleikarar“, heldur Guðmundur Óli áfram. Hann segir að hugmyndin hafi komið að norðan og að hann fagni tækifærinu til að vinna með eldri og reyndari hljóðfæraleikurum. „Sá er aðalvinningurinn fyrir okkur, en fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands er ávinningurinn sá að við norðanmenn komum með þrjátíu hljóðfæraleikara til móts við þá sjötíu sem fyrir eru svo að við erum bara hálfdrættingar miðað við þá.“

Sinfónía nr. 1 eftir Mahler var frumflutt árið 1889 og urðu viðtökurnar á tvo vegu. Fílharmóníuhljómsveitin í Búdapest frumflutti verkið og voru hljóðfæraleikararnir hrifnir af verkinu, en áhorfendur og gagnrýnendur síður ánægðir. Þetta varð til þess að Mahler endurskoðaði verkið og stjórnaði flutningi þess nokkrum árum seinna í breyttri mynd og hana fáum við að heyra í kvöld. „Í upphafi voru þættirnir fimm en Mahler fækkaði þeim niður í fjóra“, segir Guðmundur Óli. „Hann skrifaði lýsingu á verkinu í efnisskrána en hætti fljótlega að nota hana að öðru leyti en því að hann hélt eftir nafninu „Titan“, hvað sem það merkir.“ Fyrsti kaflinn endurspeglar vorkomuna og í öðrum kafla bregður útaf vana því hann er gáskafullur. „Á milli fyrsta og annars kafla var



SJÖTÍU hljóðfæraleikarar eru frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og þrjátíu frá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Morgunblaðið/Arnaldur

Fylling framar öllu

Sérstæður viðburður er í nánd á sviði flutnings klassískrar tónlistar hér á landi. Tvær íslenskar sinfóníuhljómsveitir með hundrað hljóðfæraleikara eru á leiðinni inn á sviðið

í Háskólabíói í kvöld. Örlygur Steinn Sigurjónsson ræddi við hljómsveitarstjórnann Guðmund Óla Gunnarsson og einleikarann Richard Simm af þessu tilefni.



RICHARD Simm einleikari hélt í fyrstu að hann þyrfti magnara til að hafa í fullu tré við hina stóru hljómsveit, en sá þó fljótt að pianóleikurinn komst vel til skila.



HUNDRAÐ manna hljómsveit er gefur einkum fyrirheit um dýpt og fyllri tón frekar en mikinn hávaða að mati Guðmundar Óla Gunnarssonar stjórnanda sem hér sést.

Opin sýning

MYNDLIST

Nýlistasafnið


SAMSÝNING 75 MYNDHÖFUNDAR

Opíð alla daga frá kl. 14-18. Lokað mánudaga. Til 29. júní. Aðgangur ókeypis.

„ÖLLUM boðið að sýna“ meðan húsrúm leyfir er inntak sýningar í samanlögðum húsakynnum Nýlistasafnsins, að setustofunni undanskilinni, þar sem fer fram kynning á list og listferli Ásgerðar Búadóttur. Kallið kom frá stjórn safnsins og hefur borist víða, því mikill fjöldi gjörsamlega óþekktis fólks er hér á meðal, en um leið einnig nokkur misjafnlega hátt skrifuð nöfn. Flestir eiga eitt verk á sýningunni, en örfáir fleiri, og sem vænta má kennir margra grasa í öllu þessu kraðaki. Ekki veit rýnirinn hvort allt hafi komist upp af innsendum verkum, en sýningargleði fólks á sér víðast engin takmörk um þessar mundir eins og kunnugt er, þannig komast einungis örfá prósent innsendra verka á opnar haust- og vorsýningar erlendis. Ekki er fram-

kvæmdin alveg ný hérlandis, því minna má á að öllum var heimilt að senda inn á haustsýningar FÍM, hér á árum áður. Eins og gengur um slíkar framkvæmdir, er yfirgnæfandi meirihluti myndanna alvörulast flipp og léttvægur tilbúningur á myndfleti. Og þó er fróðlegt að reika um sali safnsins og virða árangurinn fyrir sér, jafnframt reyna að lesa í hugarheim fólksins, sem er á öllum aldri, þótt unga kynslóðin sé fjölmennust svo sem vænta má. Jafnframt er það drjúgur lærdómur að bera árangurinn saman við myndir Ásgerðar á Pallinum, því ljóst má vera að obbinn af gerendum þyrfti að leggja á sig ómælda vinnu, klífa þritugan hamarinn, til þess eins að ná með tærnar þar sem valkyrjan hefur hælana. Handverkið hefur að sjálf-sögðu sett hrikalega niður, þótt þeir séu líka til meðal ungra sem setta sig ekki við þá staðreynd, en lítið ber á þeim að sinni, sýningar og áberuþörf þeim ekki sálhjálpatriði.

Framkvæmdin á þó hvernig sem á málið er lítið fullan rétt á sér, en án vafa má skipuleggja slíka uppákomu betur jafnvel þótt gæðamat



SÉÐ yfir hluta Opnu sýningarinnar.

sé ekkert, núll og nix. En allt er fyrst eins og sagt er og aðstandendur gerningsins uppskera vafalítið drjúga reynslu.

Þetta er fjölbætt sýning og aðskiljanlegar þælingar eiga sér stað á tæknisviði, eins og það heitir, en

þó ber mest á ýmiss konar kroti og dauflægum myndrænum skilaboðum er hvorki áreita né grípa skoðandann. Og ósköp er þetta keimlíkt skyldum uppákomum í útlandinu, jafnvel sér þarna í smokkinn ómissandi í einu horni SÚM

salar, (efni; örþunn gagnsæ gúmhimna), innihald ókennilegt, höfundur óþekktur. Skilur hér á milli, því útlendir nota síður nafnleýnd á slík meint, en í þessari sviðsetningu hálf glötuð sniðugheit.

Bragi Ásgeirsson